



12. fundur stjórnar SSA 23. júní 2015.

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Tjarnarbraut 39e á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mætt voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hákon Hansson, Stefán Grímur Rafnsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Jón Björn Hákonarson hringdi inn á fundinn kl. 13.50.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 11. stjórnarfundum SSA, frá 7. fundi framkvæmdaráðs og frá 4. fundi samgöngunefndar lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar frá:
 - a) stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál
 - b) Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS), Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
 - c) Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lögð fram til kynningar.
 - a) Orkukostnaður – Ný rannsókn Byggðastofnunar
 - b) Tvær skýrslur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti
 - c) Bókanir frá sveitarstjórn Djúpavogs, bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps um menningarsamninga milli sveitarfélaga, frá menningar- og safnanefnd Fjarðabyggðar, bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna samninga um menningarmiðstöð, frá bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar um nýja sóknaráætlun og stöðu dýralæknaþjónustu á Austurlandi. ***Í ljósi bókunar bæjarráðs Seyðisfjarðar, er verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að kalla eftir upplýsingum frá yfirdýralækni, Matvælastofnun og fagráðuneyti um stöðu dýralæknaþjónustu á Austurlandi.*** Svör frá innanríkisráðuneyti vegna bókana stjórnar SSA um uppbyggingu almenningsamgagna og mikilvægi áætlunarflugs. Staðsetning þjónustustarfa, uppfærðar upplýsingar frá Byggðastofnun.

2. Samningur um sóknaráætlun

1. Ný sóknaráætlun Austurlands – drög lögð fram til kynningar og staða málsins reifuð.

2. Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um menningarmiðstöðvar, Miðstöð menningarfræða og Breiðdalssetur lagt fram til kynningar. **Stjórn SSA mun axla þá ábyrgð að útdeila fjármagni á samningstímabilinu að því gefnu að mennta- og menningarmálaráðuneytið tryggji áframhaldandi stuðning til þeirra verkefna sem tilgreind eru í viðauka samningsins.**
3. Drög að samningum við menningarmiðstöðvar og sveitarfélög þeirra lagðir fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að samningarnir verði undirritaðir á næstu dögum.
4. Gögn vegna starfsársins 2014 frá Skaftfelli lögð fram til kynningar.

3. Almenningsamgöngur á Austurlandi

1. Kostnaður við tilraunaakstur Djúpivogur-Breiðdalsvík-Djúpivogur og Vopnafjörður-Þjóðvegur1-Vopnafjörður lagt fram til kynningar. **Stjórn SSA telur að ekki sé ráðlegt að hefja slíkan tilraunaakstur í sumar en horfa heldur til haustsins. Skoðað verði að framkvæma könnun á afstöðu íbúa á nærsvæðum.** Frekari umfjöllun frestað til aðalfundar SSA.

4. Aðalfundur SSA 2015

1. Drög að dagskrá – mögulegir fyrirlesarar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að hafa samband við ræðumenn/fyrirlesara/hópstjóra.
2. Starfsdagar stjórnar 23. og 24. ágúst. Farið yfir drög að dagskrá og hugmyndir að kynningu á ályktunum gagnvart sveitarfélögum. Brýnt er að ályktanir í samgöngumálum liggi fyrir fyrir starfsdaga stjórnar.

5. Önnur mál

1. Greining hjúkrunarrýma á Austurlandi. **Verkefnisstjóra falið að óska eftir samvinnu við formann Færni- og heilsumatsnefndar á Austurlandi um greiningu á stöðu þessara mála á Austurlandi.**
2. Arnbjörg Sveinsdóttir var tilnefnd sem fulltrúi SSA í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands. Gauti Jóhannesson til vara.
3. Umsagnir – ábyrgð stjórnar. Samþykkt að stjórnarmönnum verði veittur ákveðinn frestur til viðbragða.
4. Breytingar á skipan heilbrigðisnefndar kynntar.
5. Skýrsla um hreindýraeldi lögð fram til kynningar.
6. Umboð til úttekta af innlánsreikningum.
7. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA. Formaður greindi frá fundi sem hún sótti í Noregi, sem varamaður í vettvangnum.
8. Sumarfundur landshlutasamtakanna haldinn í Flókalundi, Vatnsfirði dagana 18. og 19. júní sl. Formaður fór yfir helstu umfjöllunarefni fundarins.



9. Farið var yfir stöðu mála hvað varðar vinnu við markaðssetningu flugvallarins á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 15.30. Næsti fundur ákveðinn 23. ágúst 2015 á Silfurbergi í Breiðdal.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson